



## Háfjallaveiki á Monte Rosa

Meðlimir FÍFL á toppi Signalkuppe í 4559 m hæð, f.v. Orri Einarsson, Tómas Guðbjartsson, Engilbert Sigurðsson og Magnús Gottfredsson. Í bakgrunni Lyskamm og Mont Blanc.  
Ljósmynd: Armin Fischer.

Í ágúst síðastliðnum tóku nokkrir læknar úr Félagi íslenskra fjallalækna (FÍFL) þátt í vísindaleiðangri ásamt nokkrum læknum við háskólasjúkrahúsið í Lundi. Tilgangurinn var að rannsaka háfjallaveiki á næsthæsta fjalli Alpanna, Monte Rosa (4634 m). Leiðangursmenn voru níu talsins, þrír sænskir læknar, tveir leiðsögumenn og fjórir meðlimir FÍFL, þeir Magnús Gottfredsson smitsjúkdómalæknir, Engilbert Sigurðsson geðlæknir, Tómas Guðbjartsson skurðlæknir og Orri Einarsson röntgenlæknir.

Leiðangurinn var styrktur af 66° N og Actavis og hófst undirbúningur fyrir rúmu ári. Framkvæmd voru taugasálfræðiþróf í mismunandi hæð, m.a. í Margaretha Hut sem stendur hæstur fjallaskála í Ölpunum á bjargbrún Signalkuppe (4559 m). Í skálanum er ágæt aðstaða til rannsókna og hafa fjölmargar rannsóknir á hæðarveiki verið gerðar þar. Skráð voru hugsanleg einkenni háfjallaveiki í 2865 m hæð, 3665 og 4559. Stuðst var við svokallaðan Lake Louis staðal. Mæld var súrefnismettun í blóði, púls og loftþrýstingur. Loks voru teknar blóðprufur en ensímið S-100 verður mælt í sermi, en það losnar við súrefnisskort í heila- og taugavef. Þetta ensím hefur m.a. verið notað til að spá fyrir um

horfur sjúklunga með blóðþurrð í heila. Er vonast til að niðurstöður liggi fyrir innan nokkurra vikna en S-100 mælingar hafa ekki áður verið gerðar vegna hæðarveiki.

Leiðangurinn tókst vel enda voru aðstæður til göngu og rannsókna góðar. Allir náðu á tindinn Signalkuppe. Að loknum rannsóknnum voru lagðir að baki nálægir tindar, Zumsteinspitze (4563 m) og Parrotspitze (4436 m). Alvarleg háfjallaveiki kom ekki fram hjá neinum leiðangursmanna en einn Svíanna fann fyrir máttleysi og höfuðverk. Allir fundu fyrir svefntruflunum, flestir þegar í 2865 m hæð.

Leiðangursmenn héldu til í ítalska smábænum Alagna (1155 m) við rætur Monte Rosa. Tveir dagar voru nýttir til hæðaraðlögunar en hún fólst í því að ganga upp í 3000 m hæð, sofa þar yfir nótt og halda síðan aftur niður til Alagna. Gangan á tindinn tók tvo daga og var gíst í 3700 m hæð á leiðinni upp. Síðasti hluti göngunnar hófst að næturlagi og var tindinum náð árla morguns. Klukku tíma áður urðu leiðangursmenn vitni að stórfenglegri sólarupprás. Á tindinum var ógleymanlegt útsýni, og skörtuðu fjöllin Gran Paradiso, Mont Blanc, Matterhorn og Jungfrau sínu fegursta.

**Texti og myndir:**  
Tómas Guðbjartsson  
og Engilbert Sigurðsson

Per Ederoth tekur blóðsýni úr Ingvar Syk í Margaretha skálanum í 4559 m hæð.

